

Nd.

603. Frumvarp

til laga um breytingu á fátækralögum frá 10. nóv. 1905.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

77. gr. fátækralaganna frá 10. nóv. 1905 skal orða þannig:

Ef þurfalingur fer eftir læknisráði á sjúkrahús, annað en holdsveikraspítala, þá greiðir framfærslusveit hans $\frac{2}{5}$ hluta meðlagskostnaðarins, þar með talin lyf og læknishjálp, þó aldrei yfir 400 krónur á ári. Að öðru leyti greiðist kostnaðurinn úr rikissjóði, en aldrei nema fyrir 4 sjúklinga á ári úr sama sveitar- eða bæjarfjelagi. Um berklaveika sjúklinga fer eftir því, sem ákveðið verður í lögum um varnir gegn berklaveiki, að svo miklu leyti, sem þau lög koma í bága við þessa grein.

Engan þann styrk, sem veittur er fyrir sjúkrahúsvist, en undir hann telst lyf og læknishjálp, má skoða sem sveitarstyrk.

2. gr.

Á 78. gr. ofannefndra laga skulu verða þessar breytingar:

1. Fyrir orðin »200 kr. um árið« skal koma:
400 kr. um árið, þó ekki yfir $\frac{2}{5}$ hluta styrksins.
2. »200 kr.« á síðari staðnum í greininni falli burt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1922.